

Ár 2019, fimmtudaginn 14. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr. Z-380/2019:

Víðibrekka 3 ehf. og

A

(Sverrir Sigurjónsson lögmaður)

gegn

Landsbankanum hf.

(Reynir Þór Garðarsson lögmaður)

kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r :

Mál þetta, sem þingfest var 28. ágúst 2019 og tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu varnaraðila 24. október 2019, barst dóminum þann 15. júlí 2019.

Sóknaraðilar eru Víðibrekka 3 ehf., og A

Varnaraðili er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík, Fyrirsvarsmaður Landsbankans hf. er Lilja Björk Einarsdóttir.

Dómkröfur sóknaraðila eru eftirfarandi: „Sóknaraðlar [sic.] krefjast þess aðallega að ákvörðun Sýslumanns á Suðurlandi um að úthluta 24.923.549 kr [sic.] til Landsbankans, skv. 3. lið frumvarpsins, verði hrundið og breytt þannig að til komi úthlutun til sóknaraðila A að fjárhæð 1.250.000 kr [sic.] og úthlutun til sóknaraðila Víðibrekku 3 ehf. að fjárhæð 23.673.549 kr.

Sóknaraðilar krefjast þess til vara að ákvörðun Sýslumanns á Suðurlandi um að úthluta 24.923.549 kr [sic.] til Landsbankans, skv. 3. lið frumvarpsins, verði hrundið og breytt þannig að úthlutað verði til varnaraðila 20.000.000 kr, [sic.] sem er höfuðstóll þess skuldabréfs sem varnaraðili leiðir rétt sinn af, án vaxta og verðbóta. Þá verði úthlutun til sóknaraðila A 1.250.000 kr [sic.] og til sóknaraðila Víðibrekku 3 ehf. 3.673.549 kr.

Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar úr hendi varnaraðila sér að skaðlausu.

Verði kröfur sóknaraðila ekki teknar til greina er þess krafist að málskostnaður falli niður.”

Dómkröfur varnaraðila eru svofelldar: „Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum kröfum sóknaraðila verði vísað frá dómi.

Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi sem verður lagður fram við aðalflutning málsins eða samkvæmt mati dómsins. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málskostnaði.”

Í þessum úrskurði verður einungis fjallað um frávísunarkröfu varnaraðila.

Málavextir

Vegna frávísunarkröfu varnaraðila og rökstuðnings fyrir henni þykir nauðsyn að gera grein fyrir málavaxtalýsingu sóknaraðila sérstaklega, en ekki kemur fram í greinargerð varnaraðila að sérstakur ágreiningur sé um málavexti.

Sóknaraðilar lýsa málavöxtum svo að sóknaraðili Víðibrekka 3 ehf. hafi keypt fasteignina [...] fastanr. [...] og fengið fyrir henni afsal dags. 25. febrúar 2009. Samhliða hafi þessi sóknaraðili yfirtekið áhvílandi veðskuldir á eigninni. Þessi sóknaraðili hafi greitt afborganir áhvílandi lána í rétt liðlega eitt ár, eða fram undir mitt ár 2010. Varnaraðili hafi hins vegar ekki byrjað innheimtuaðgerðir vegna bréfsins fyrr en rúmum 6 árum síðar eða á árinu 2016.

Kveða sóknaraðilar að nefndur sóknaraðili, þ.e. Víðibrekka 3 ehf., hafi ítrekað reynt að semja við varnaraðila um úrlausn málsins frá því varnaraðili hafi byrjað innheimtuaðgerðir. Þannig hafi verið framkvæmd 3 verðmöt á eigninni af hlutlausum aðila þegar þessi sóknaraðili hafi verið að reyna að semja um að kaupa veðskuldabréfið, eða láta aflýsa því af eigninni gegn greiðslu. Þrátt fyrir boð sóknaraðila sem hafi hljóðað upp á sömu fjárhæð og verðmötin, ef ekki hærri, hafi varnaraðili ávallt hafnað öllum boðum án skýringa.

Því hafi það farið svo að eignin hafi verið boðin upp þann 12. febrúar 2019 og hafi hæsta boð verið kr. 26.100.000 og hafi félagið Húsvakur ehf. átt það boð. Næsta boð þar á eftir hafi verið frá varnaraðila og hljóðað uppá kr. 26.000.000. Húsvakur ehf. hafi fallið frá boði sínu, þegar í ljós hafi komið að verulegir gallar hafi verið bæði á eigninni sjálfri sem og skráningu hennar.

Kveða sóknaraðilar að gildi nauðungarsölnunnar hafi verið borið undir Héraðsdóm Suðurlands sem hafi vísað beiðninni frá. Í kjölfarið hafi sýslumaður sent út drög að úthlutunargerð, sem sóknaraðili, án tilgreiningar, hafi mótmælt með bréfi dags. 24. júní 2019. Sýslumaður hafi staðfesti drög sín að úthlutunargerð þann 8. júlí 2019 og

á sama tíma hafi lögmaður sóknaraðila lýst því yfir að ákvörðun sýslumanns yrði borin undir héraðsdóm samkvæmt 73. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Málsástæður sóknaraðila

Sóknaraðilar kveðast í fyrsta lagi byggja á því að engin raunveruleg nauðungarsöluheimild hafi verið fyrir hendi og að varnaraðili geti ekki verið uppboðsbeiðandi. Krafa uppboðsbeiðanda byggist á veðskuldabréfi upphaflega útgefnu af VR lögnum ehf. kt. 500106-1070, þann 27. október 2006, að fjárhæð 20.000.000 kr. Bréfið hafi svo verið handveðsett Kaupþingi banka hf. þann 7. nóvember 2006. Ekki sé að finna á bréfinu neina veðbandslausn frá Kaupþing banka hf. eða yfirlýsingu um að veðréttindi bankans í bréfinu séu með einhverjum hætti fallin niður og því sé alls óvíst að uppboðsbeiðandi geti verið sé réttur aðili málsins. Áritun Kaupþing banka um afléttingu handveðs vanti á bréfið, en af þeim sökum hafi Landmenn ekki getað framselt bréfið á þeim tímapunkti sem áritunin beri með sér. Einnig hafi engar sönnur verið færðar á það að Landmenn ehf. hafi mátt samþykka skuldskeytingu þá sem hafi átt sér stað þann 20. febrúar 2009, þegar Víðibrekka ehf. hafi orðið skuldari bréfsins, þar sem hvergi sé að finna neitt um það hvenær Kaupþing hafi aflétt handveðsetningu sinni.

Í öðru lagi kveða sóknaraðilar verulegar líkur á því að varnaraðili sé ekki réttur eigandi eða framsalshafi bréfsins. Þannig sé dagsetning framsals B fyrir hönd Landmanna ehf. til Landsbankans 17. maí 2016 rétt fyrir gjaldþrot Landmanna ehf. sem hafi verið 24. ágúst 2016. Vel kunni að vera að dagsetning framsalsins sé ekki rétt og að B sem riti undir framsalið hafi ekki haft heimildir til framsalsins á þeim sem undirritun hans hafi verið gerð auk þess sem engin skýring sé gefin á því hvers vegna bréfið hafi verið framselt til Landsbankans og hver hafi fengið endurgjald þess eða hvort því andvirði hafi verið ráðstafað upp í skuldir Landmanna eða B í Landsbankanum. Framsalið hafi að öllum líkindum átt sér stað eftir frestdag og séu líkindi til þess að það sé þrotabú Landmanna ehf. sem sé, eða eigi að vera, réttur eigandi bréfsins.

Í þriðja lagi kveður sóknaraðili, sem ekki er tilgreint hvort sé Víðibrekka ehf. eða A, að verulegar líkur séu á því að skuldin sé öll niður fallin fyrir fyrningu. Enginn reki hafi verið gerður að því að innheimta bréfið frá því í byrjun árs 2010 og fram til ársins 2016. Þegar skuldabréf það sem hér um ræðir hafi verið gefið út hafi verið í gildi lög nr. 14/1905 um fyrningu kröfuréttinda. Þegar sóknaraðilinn Víðibrekka 3 ehf. hafi tekið við sem skuldari hafi hins vegar tekið gildi ný fyrningalög, nr. 150/2007 og gildi

Því þau lög um bréf þetta. Þrátt fyrir að krafa gerðarbeiðanda sé sögð byggjast á skuldabréfi sé ekki um eiginlegt skuldabréf að ræða, þar sem skilyrðum skuldabréfs sé ekki fullnægt við útgáfu þess. Þannig hafi skuldari bréfsins aldrei fengið neina fjármuni í hendur við útgáfu þess, heldur hafi það verið liður í viðskiptum þáverandi eiganda bréfsins og þáverandi skuldara þess. Þáverandi eigandi bréfsins, Landmenn ehf. kt. 560702-2210, hafi aldrei látið neina peningagreiðslu af hendi við útgáfu bréfsins. Bréfið uppfylli því ekki þá grunnskyldu skuldabréfs að vera *skrifleg yfirlýsing þar sem útgefandi viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peningagreiðslu*. Fyrningarfrestur bréfsins sé því 4 ár skv. 3. og 4. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007.

Sóknaraðilar kveðast í fjórða lagi byggja á því að fjárhæð kröfu varnaraðila við uppboðið sé allt of há og órökstudd. Kröfunni sé þannig stillt upp að ógerningur sé að átta sig á af hvaða fjárhæðum vextir og dráttarvextir séu reiknaðir og frá hvaða tíma. Ekkert tillit sé tekið til fyrndra vaxta í fjárkröfunni og því ógerlegt fyrir sóknaraðila að greiða upp kröfuna, þar sem rétt fjárhæð hennar liggi ekki fyrir. Einnig sé ógerningur fyrir sóknaraðila að reikna sjálfur [sic.] út rétta vaxtakröfu, þar sem ekki komi fram hver réttur höfuðstóll bréfsins sé.

Í fimmta lagi kveðast sóknaraðilar byggja á tómlæti. Skuldabréfið hafi verið gefið út þann 27. október 2006 en ekki liggi fyrir að varnaraðili hafi gert nokkra kröfu á hendur sóknaraðila vegna skuldarinnar frá árinu 2010 og fram til ársins 2016 er skyndilega hafi borist innheimtuviðvörðun til sóknaraðila. Verði varnaraðili að bera hallann af þessu aðgerðarleysi.

Um lagarök vísa sóknaraðilar að meginstefnu til framangreindrar umfjöllunar. Þá vísa sóknaraðilar sérstaklega til laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður varnaraðila

Hér verður aðeins gerð grein fyrir málsástæðum varnaraðila sem lúta að kröfu hans um frávísun.

Varnaraðili kveður að vísa beri bæði aðal- og varakröfu sóknaraðila frá dómi.

Vísar varnaraðili til þess að mál þetta sé rekið samkvæmt XIII. kafla nauðungarsölulaga nr. 90/1991. Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laganna verði almennum

reglum um meðferð einkamála beitt um meðferð mála samkvæmt kaflanum, eftir því sem við getur átt. Varnaraðili byggir á að málatilbúnaður sóknaraðila sé vanreifaður, óskýr og haldinn slíkum annmörkum að hann sé í andstöðu við 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt e-lið ákvæðisins beri að tilgreina í sóknarskjali málsástæður sem byggt er á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skuli vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er. Þá sé grundvallar regla í réttarfari að í sóknarskjali verði málatilbúnaður að vera svo skýr að varnaraðila eigi ekki að geta dulist hver krafan sé, hvernig hún sé tilkomin og hvernig sóknaraðili hyggist rökstyðja hana.

Kveður varnaraðili að í málinu sé, bæði í aðal- og varakröfu sóknaraðila, krafist að frumvarpi til úthlutunar verði breytt þannig að sóknaraðili, A, eigi að fá til sín úthlutað kr. 1.250.000. Í sóknarskjalinu sé aftur á móti ekki að finna neina sundurliðun á þessari kröfu, hvernig hún sé tilkomin eða hvernig sóknaraðili hyggist rökstyðja hana. Þannig vanti með öllu lýsingu málsástæðna að því er varðar þessa kröfu, bæði í aðal- og varakröfu sóknaraðila. Varnaraðili byggir á því að grundvöllur dómkrafna sóknaraðila sé því óljós að þessu leyti og þegar litið sé til megingilgangs 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að sóknarskjali sé þannig úr garði gert að varnaraðili geti með eðlilegum hætti tekið til varna. Kveður varnaraðili að málatilbúnaður sóknaraðila uppfylli því ekki skilyrði e-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og beri þar af leiðandi að vísa bæði aðal- og varakröfu sóknaraðila frá dómi.

Þá kveður varnaraðili að varakrafa sóknaraðila sé vanreifuð að öllu öðru leyti, sem ber að vísa frá dómi, jafnvel þó ekki væri fallist á frávísun dómkrafna sóknaraðila samkvæmt ofangreindu.

Um lagarök vísar varnaraðili til laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, nr. 91/1991 um meðferð einkamála, nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og nr. 75/1997 um sammingsveð. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, en sóknaraðili kveðst ekki vera virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi sóknaraðila.

Forsendur og niðurstaða

Í máli þessu gera sóknaraðilar kröfur um að ákvörðun Sýslumanns á Suðurlandi um úthlutun söluandvirðis verði breytt á tiltekinn hátt og að báðum sóknaraðilum verði

úthlutaðar tilteknaðar fjárhæðir, í stað úthlutunar til varnaraðila, allt eins og nánar greinir hér að ofan. Bæði í aðal- og varakröfu sóknaraðila er gert ráð fyrir að sóknaraðilanum A verði úthlutaðar tilteknaðar fjárhæðir, þ.e. í báðum tilfellum kr. 1.250.000.

Í málavaxtalýsingu sóknaraðila, sem og í málsástæðum sóknaraðila, kemur ekki fram neitt um það hvernig sóknaraðilinn A tengist máli þessu. Kemur heldur ekki fram neitt um það hver er grundvöllur þeirrar fjárhæðar sem krafist er að verði úthlutað til hennar. Þá kemur heldur ekki fram neitt um það hver er grundvöllur þeirrar fjárhæðar sem krafist er að verði úthlutað til sóknaraðilans Víðibrekku 3 ehf., en þetta gildir jafnt um aðal- og varakröfu sóknaraðila. Úr þessu verður ekki bætt á síðari stigum málsins.

Að mati dómsins er því málatilbúnaður sóknaraðila haldinn slíkum annmörkum, sbr. e lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 90/1991, að óhjákvæmilegt er að vísa máli þessu frá í heild sinni.

Rétt er að sóknaraðilar greiði varnaraðila in solidum málskostnað að fjárhæð kr. 640.088 en þá hefur verið litið til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Sóknaraðilar, Víðibrekka 3 ehf. og A, greiði varnaraðila, Landsbankanum hf., in solidum kr. 640.088 í málskostnað.

Sigurður G. Gíslason